

Jafnlaunastefna LEX

Jafnlaunastefna þessi tekur til LEX og dótturfélaga og kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki í LEX þau réttindi varðandi launajafnrétti sem kveðið er á um í [lögum nr. 150/2020](#) um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

LEX greiðir laun eftir umfangi og eðli starfa og taka mið af þeim kröfum sem störf gera óháð kyni. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjarasamninga, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Til þess að fylgja eftir jafnlaunastefnu LEX skuldbindur stjórn LEX sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunastjórnunarkerfi í samræmi við kröfur staðalsins íST 85 og öðlast jafnlaunavottun í samræmi við lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
- Framkvæma launagreiningu og kynna niðurstöðu ásamt jafnlaunastefnu fyrir starfsfólki árlega.
- Bregðast við ef kröfur staðalsins eru ekki uppfylltar þ. á m. óútskýrðum kynbundnum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Framkvæma árlega rýni stjórnenda þar sem jafnlaunamarkmið eru sett fram og rýnd.
- Fylgja lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta árlega að þeim sé hlítt.
- Tryggja að jafnlaunastefna þessi sé aðgengileg á innri vef LEX.

Stjórn LEX 26. ágúst 2022